



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 5. ágúst 2022

KYNNINGARBLAÐ



Gleðigangan verður í Reykjavík á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hápunktur Hinsegin daga

gummih@frettabladid.is

Gleðigangan er hápunktur Hinsegin daga en hún verður gengin í Reykjavík á morgun. Í henni sameinast lesbiur, hommar, tví- og pankynhneigðir, trans fólk, intersex fólk og aðrir hinsegin einstaklingar ásamt fjölskyldum sínum og vinum til að staðfesta tilveru sína og minna á baráttumál sín. Gangan er í senn kröfuganga hinsegin fólks, sem kallar eftir jafnrétti, vitundarvakningu og útrýmingu mismununar, sem og vettvangur til að fagna því sem hefur unnist í baráttunni. Uppstilling hefst klukkan 12 við Tækniskólann á Skólavörðuholti og er keyrt inn á uppstillingarsvæðið frá Eiríksgötu. Þegar þátttakendur mæta vísar starfsmaður Hinsegin daga þeim á réttan stað og öryggisstjóri athugar hvort öryggisreglum sé fylgt.

Beint streymi

Gangan leggur af stað frá Hallgrímskirkju stundvíslega kl. 14 og verður gengið eftir Skólavörðustíg, Bankastræti, Lækjargötu, Fríkirkjuvegi og endað á Sóleyjargötu við Hljómskálagarðinn þar sem útitónleikar taka við. Hægt verður að fylgjast með göngunni með fram gönguleiðinni, auk þess sem boðið verður upp á beint streymi í Hljómskálagarðinum meðan á göngunni stendur. ■

Nánari upplýsingar má finna á hinsegin dagar.is/gledigangan



Íris segist taka eftir því að mjög margir séu að endurnýja hjá sér baðherbergi, bæði í heimahúsum og í sumarbústöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nútíma sturtuklefar fyrir heimilin og sumarbústaðina

Innréttingar og Tæki í Ármúlanum hafa skapað sér sérstöðu sem ein fremsta sërverslun landsins fyrir baðherbergið. Að undanfögnu hefur fólk verið að endurnýja eldri baðherbergi, jafnt á heimilum sem í sumarbústöðum og þá skipta þægindin máli. **2**

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | [nánar á eyv.is](http://nánar.eyv.is) og celsus.is

Innréttingar og Tæki er rótgróin fjölskylduverslun og þar hefur safnast mikil reynsla um það nýjasta í baðherbergisinnréttingum, blöndunartækjum, salernum og sturtuklefum. Íris Jensen rekur fyrirtækið ásamt eiginmanni sínum, Grétari Þór Grétarssyni, en fyrirtækið var stofnað af ömmu Írisar árið 1945 svo sagan spannar langt aftur í tíma.

Íris segist finna mikið fyrir því að sumarhúsaeigendur séu að endurnýja bústaðina sína, sérstaklega baðherbergið og sturtuna. Líftími sturtuklefa er ekki eins langur í bústöðum og á heimilum. „Sérstaklega á það við um bústaði sem eru í útleigu, til dæmis í eigu félagasamtaka. Yfirleitt voru settir staðlaðir sturtuklefar í bústaðina sem ekki voru neitt sérstaklega fyrir augað,“ segir hún. „Nú er þetta að breytast og fólk vill hafa baðherbergin notaleg og falleg,“ bætir hún við. „Til að koma til móts við óskir fólks höfum við verið að flytja inn sturtuklefa frá Noregi sem eru með svörtum römmum sem gerir þá mjög smart og setur skemmtilegan svip á baðherbergið. Þeir líta út eins og þeir séu með frönskum gluggum. Svörtu klefarnir hafa verið mjög vinsælir hjá okkur í sumar og margir virðast hafa verið að biða eftir nýrri útfærslu á sturtuklefum. Yfirleitt eru baðherbergi í sumarbústöðum lítil og þá er lokaður sturtuklefi langbesta lausnin. Einnig hafa margir verið að taka þessa sturtuklefa í gestahús við sumarbústaði,“ segir Íris. „Eða bara vegna þess að endurnýjunar er þörf.“

Rétta lausnin

Innréttingar og Tæki reyna ávallt að vera með réttu lausnina fyrir baðherbergið, hvort sem þau eru lítil eða stór. „Þegar fólk er að byggja vaxa peningatrén ekki við gluggann og oft eru keyptir ódýrari hlutir til að byrja með. Síðan kemur sá tími að nauðsynlegt er að endurnýja og maður finnur fyrir því að margir standa í því núna. Eflaust hjálpar endurgreiðsla af virðisauka-skatti sem verður í gildi út ágúst. Ég vona innilega að hún haldi áfram því þetta hefur hvatt fólk til að fara í nauðsynlegar endurbætur,“ segir Íris. „Fólk er að gera umhverfi sitt fallegra og það á ekki síst við um baðherbergi heima sem og í bústaðnum,“ bætir hún við. „Við fáum mikið af fyrirspurnum um sturtuklefa og hreinlætistæki um þessar mundir. Fólk fer orðið í sumarbústaði árið um kring og vill hafa fallega hluti í kringum sig.“

Sterkbyggðir sturtubotnar

Íris segir að nokkuð sé um að fólk sé að skipta út gömlu baðkari fyrir svokallaða „Walk In“ sturtu. Barnafólkið vill hafa baðkar en hinir kjósa fremur sturtuna,“ segir hún. „Við erum með geysivinsæla sturtubotna frá Gala á Spáni. Í þeim sameinast gæði og fagurfræði en botninn lítur út eins og ein heil flís. Þeir eru sterkbyggðir og endingargóðir og henta hvort sem er í steineða timburhús. Einnig henta þeir vel í sumarbústaði. Flísina má leggja ofan á hvaða gólfefni sem er, líka timbur. Þetta er ódýr kostur en samt mikil gæði,“ segir Íris og bendir á að hægt sé að fá sturtubotnana í 26 stærðum og 15 litum. „Stærsti botninn er 90x2 m,“ útskýrir hún. „Við fáum sendingar frá Spáni í hverri viku því þessir sturtubotnar hafa alveg slegið í gegn hjá okkur.“ Íris bendir á að hægt sé að fá sturtuhorn og sturtuhurðir í mismunandi stærðum. „Margir vilja hafa sturtuna í horni og við reynum að þjóna sem flestum hugmyndum. Viðskiptavinir koma gjarnan með eigin óskir um hvað þeir vilja, hafa



Það er hægt að loka þessum sturtuklefum sem er mjög þægilegt í minni rýmum. Hentar mjög vel í sumarbústað, segir Íris.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Þannig lítur hinn vinsæli sturtuklefi út. Nútímalegur og flottur.

Við fáum mikið af fyrirspurnum um sturtuklefa og hreinlætistæki um þessar mundir. Fólk fer orðið í sumarbústaði árið um kring og vill hafa fallega hluti í kringum sig.

velt hlutunum fyrir sér. Aðrir koma með arkitekt með sér. Það eru ekki allir sem vilja flísar á veggina, margir velja alls konar veggþiljar og ég vissi um einn um daginn sem notaði bárujárn þannig að hugmyndaflugið er vítt og breitt,“ segir hún.

„Við erum með handklæðaofna í ýmsum litum og sömuleiðis innréttingar í margs konar stærðum og útfærslum. Baðherbergin eru orðin heimilislegri með notalegum litum og endalausum lausnum. Meira að segja blöndunartækin er hægt að fá í fallegum litum. Það ætti því að vera auðvelt að gera andrúmsloftið á baðherberginu aðlaðandi og notalegt.“ ■

Innréttingar og Tæki eru í Ármúla 3, sími 588 7332. Nánar má kynna sér vörurnar inn á i-t.is.



Fallegt baðherbergi með sturtubotni og -vegg frá Innréttingum og Tækjum auk baðinnréttingar og fleiri hreinlætistækja.



Sturtubotninn frá Gala á Spáni sem hefur rokið út hjá versluninni enda er hann stílhreinn og sterkbyggður.



Hér sést hvernig hægt er að setja upp baðherbergi með sturtu á tvo vegu í sýningarsalnum í Ármúla.

ÚTSALA!



casall

HOKA ONE ONE


reima

asics



SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍS



SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu



MBens 300D 4Matic 2019 Ek.75.000 AMG line. Svartur. Brúnt ekta leður að innan. Bill í toppstandi! Ásett verð 6.890.000. ATH: Fæst á mjög góðu staðgreiðsluverði. Upplýsingar í síma 6233090



MBens 220D 4Matic 2020 Ek.36.000 AMG line. Einn með öllum Svart ekta leður að innan. Bill í toppstandi. Sumar og vetratækk á felgum. Ásett verð 7.990.000. Fæst á góðu staðgreiðsluverði. Upplýsingar í síma 6233090

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 867 4254

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Nýjar 2-3 herb. íbúðir í Mörkinni 8, 108 RVK fyrir rólega og reglusama eintaklinga eða pör (plús 30 ára). Langtímaleiga. V. 250 þ. Uppl. í s. 898-7868 millí kl. 13-16.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Athugun Skipulagsstofnunar

Stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði

Fjarðabyggðarhafnir hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar umhverfismatsskýrslu um fyrirhugaða stækkun Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 5. ágúst til 19. september 2022 á skrifstofu Fjarðabyggðar og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsagnir. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 19. september 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipu-lag@skipulag.is.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF